

468. mál

Minnisblað lagt fram á fundi 21. desember 2012

2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við lögina bætist ný grein, 48. gr. a, svohljóðandi:

Leggja skal sérstakt vegagjald á bílaleigur, sbr. lög nr. 64/2000, um bílaleigur. Álagningin skal nema 1,5% af tekjum bílaleigufyrirtækja af útleigu bifreiða. Framangreint veggjald myndar stofn til virðisaukaskatts.

Á hverjum gjalddaga virðisaukaskatts skulu bílaleigur standa skil á framangreindu vegagjaldi vegna hvers virðisaukaskattstímabils, sbr. 24. gr. og telst slík greiðsla vera fyrirframgreiðsla upp í endanlega álagningu sem fer fram við álagningu opinberra gjalda skv. 95. gr. laga 90/2003, um tekjuskatt. Fyrsti gjalddagi vegagjalds skal vera 5. apríl 2013 vegna uppgjörstímabilsins janúar og febrúar 2013.

9. 19. gr. orðist svo:

Fjárhæðir í 2. og 3. mgr. 3. gr. laganna lækka úr 1.250.000 kr. í 1.000.000 kr.

Framlenging á núgildandi heimild til að selja bíla eftir 6 mánuði sbr. reglugerð 257/2011. Bæta við árinu 2013 inn í reglugerðina.

Helstu fjárhæðir:

Bílaleigur

Áætluð veita bílaleigufyrirtækja sem kynni að falla undir stofn til "road tax".

fjárhæðir eru í þúsundum króna

Fyrirhugað skatthlutfall		1,5%
Áætlaðar leigutekjur	12.000.000	
Vegagjald	180.000	
Rekstrartekjur samtals	12.180.000	182.700
Söluverð seldra bíla - vsk.stofn		0
Nýir bílar seldir fjármögnunarfyrirtækjum		0
	0	0
Samtals skattlagning vegna vegaskatts		182.700
Árgjald bílaleigufyrirtækja		200.000
Lækkun afsláttar af vörugjöldum		100.000
		482.700

Tekjuauki vegna lækkunar á afslætti af vörugjöldum verður meiri en áætlað er vegna:

- Útreikningar sýna að lækkun í 750.000 kr. muni hækka tekjur ríkissjóðs um 150 m.kr. miðað við kaup á bílum á árinu 2012.
- Vörugjöld á jeppabifreiðar hækka um 11,1% í ársbyrjun 2013 (eykur tekjur ríkissjóðs af vörugjöldum).
- Erlendar kostnaðarhækkunir á bílum eru að jafnaði 3-5% á ári sem hækkar stofn til útreiknings á vörugjöldum samsvarandi.
- Veiking krónunnar hefur leitt til hækkunar á verði bíla í krónum talið.
- Mestu tekjur ríkissjóðs af vörugjöldum af bílaleigubílum hafa verið af dýrustu bílunum. Lækkun á þakinu í 750.000 kr. mun hafa þau áhrif að innkaup þessara bíla minnka vegna erfiðari fjármögnunar og minnkandi eftirspurnar vegna hærri verðs með samsvarandi lækkun á tekjum fyrir ríkissjóð.